



SIÐMENNT
Félag siðrænna húmanista á Íslandi
Æsufelli 4, 2F
111 Reykjavík

www.sidmennt.is
sidmennt@sidmennt.is

BORGARALEG FERMING 2012

Kynningarfundur höfuðborgarsvæðisins

Kynningarfundur fyrir ungmenni og aðstandendur þeirra
sem hafa áhuga á borgaralegri fermingu.

Laugardaginn 12. nóvember 2011 kl. 11:00 - 12:30
í sal 1 í Háskólabíói

Á kynningarfundinum verður næsta fermingarnámskeið Siðmenntar kynnt. Ennfremur verður greint frá fyrirkomulagi væntanlegrar athafnar næsta vor og sýnt verður kynningarmyndband frá athöfnunum sem haldnar voru vorið 2011.

Þá verður greint frá kostnaði og greiðslufyrirkomulagi. Skráningarblöðum verður dreift og fólk velur hvaða námskeið hentar því best. Munið að koma með penna.

Það er nú þegar búið að manna nefnd foreldra og forráðamanna til að aðstoða með ýmsa þætti athafnanna.

Mikilvægt er að sem flestir mæti sem ætla að taka þátt í prógramminu fyrir höfuðborgarsvæðið, en við ætlumst EKKI til að landsbyggðarfólk sem býr langt í burtu mæti. Fólk sem verður í Akureyrarprógramminu hefur þegar sótt sinn kynningarfund þar nyrðra en fær samt þetta fundarboð til fróðleiks. Landsbyggðarfólk og aðrir sem komast ekki á kynningarfundinn eiga að hafa samband við Hope (hope@sidmennt.is) og hún mun senda fyrirlesturinn til þeirra.

Merkið fundartíma og stað inn á dagatalið!

Nánari upplýsingar veitir Hope Knútsson - símar 557-3734 eða 567-7752

Tilhögun námskeiða:

Vikulegt námskeið í Kvennaskólanum í Reykjavík hefst vikuna 9.-13. janúar 2012.

Helgarnámskeið í Reykjavík: fyrir landsbyggðarfólk á Suðurlandi og Vesturlandi verður haldinn í Réttarholtsskóla í Reykjavík. Fyrri hluti verður 4.- 5. febrúar og seinni hluti 3.- 4. mars. Laugardagana stendur námskeiðið yfir frá kl. 10-16 og sunnudagana frá kl. 10-15

Helgarnámskeið á Akureyri: fyrir landsbyggðarfólk á Norðurlandi og Austurlandi verður haldinn í Brekkuskóla á Akureyri. Fyrri hluti verður 14.- 15. janúar og seinni hluti 18.- 19. feb. Laugardagana stendur námskeiðið yfir frá kl. 10-16 og sunnudagana frá kl. 10-15.

Kostnaður:

Bæði námskeiðsgjaldið (kr. 26.000) og athafnagjaldið (kr. 8.000) verður rukkað saman í einu þátttökugjaldi, samtals kr. 34.000, í byrjun desember.

Í lok nóvember fær foreldri greiðsluseðil í heimabanka eða sendan gíróseðil heim hafi það ekki heimabanka. Vegna aukakostnaðar við gíróseðil bætast við kr. 300 á hann. Vinsamlegast látið Svan gjaldkera vita ef þið viljið gíróseðil frekar en netrukkun.

Systkinaafsláttur (systkin sem eru í BF á sama tíma) er 20%. Félagar í Siðmennt fá 10% afslátt af námskeiðsgjaldinu fyrir börn sín fyrstu tvö ár aðildar og 20% afslátt frá og með þriðja ári aðildar. Engir aðrir afslættir eru veittir.

Mikilvægt: Gjaldddagi er 3. desember og eindagi þriðjudagurinn 3. janúar. Það þarf því að greiða námskeiðsgjaldið áður en námskeiðið byrjar. **ATHUGIÐ:** Enginn fær að halda áfram í námskeiðinu sé ekki búið að greiða í lok síðasta virks dags í fyrstu kennsluviku (fös. 13. jan.). Á þessu eru ekki gerðar neinar undanþágur. Fólk í fjárhagsvanda getur samið við gjaldkera um greiðsludreifingu yfir 2-3 mánuði. Fyrsta innborgun 3. des. (t.d. 12+12+10) Félagsmálafirvöld hafa hjálpað í sumum tilvikum.

Hætti barn við þátttöku er endurgreitt að fullu sé látið vita fyrir lok sunnudags (15. janúar) fyrstu kennsluviku, en eftir það er haldið eftir krónum 3000 í umsýslugjald. Engin endurgreiðsla (nema kr. 8 þús. vegna athafnar) fæst hætti barn að loknum helmingi námskeiðs eða meira.

Láta skal vita með því að senda netpóst til athafnir@sidmennt.is eða hringja í:

Hope Knútsson umsjónarmann (s: 567-7752, 557-3734, 694-7486) hope@sidmennt.is

Jóhann Björnsson kennslustjóra (s: 553-0877, 844-9211) johann@sidmennt.is

Svan Sigurbjörnsson gjaldkera (s: 896-3465) svanur@sidmennt.is